

## Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins

**Til** : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>  
**Frá** : Húsnæðis- og mannvirkjastofnun <noreply@hms.is>  
**Heiti** : Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins  
**Málsnúmer** : 2110005  
**Málsaðili** : Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
**Skráð dags** : 04.10.2021 00:00:00  
**Höfundur** : Húsnæðis- og mannvirkjastofnun <noreply@hms.is>

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins í seinni úthlutun ársins.

### Umsóknarfrestur til 24. október 2021.

Hægt er að sækja um stofnframlög ríkisins á heimasíðu HMS og er umsóknum skilað inn á rafrænu formi. Nánari upplýsingar um stofnframlög má finna [hér](#).

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum mun að minnsta kosti fjórðungur þess fjármagns sem kemur til úthlutunar renna til bygginga eða kaupa á húsnæði á vegum sveitarfélaga. Er það íbúðarhúsnæði sem sveitarfélög úthluta og ætlað þeim aðilum sem sveitarfélögum ber sérstök lagaskylda til að veita úrlausn í húsnæðismálum. Önnur félög en þau sem eru í eigu sveitarfélags geta fallið innan þessarar forgangsreglu að því gefnu að þau séu með samning við viðkomandi sveitarfélag um að íbúðirnar verði nýttar sem íbúðarhúsnæði á vegum sveitarfélagsins og úthlutað í samræmi við reglur þess. Þá munu verkefni til uppbyggingar húsnæðis fyrir tekju- og eignalága á vinnumarkaði hafa forgang til 2/3 hluta úthlutaðs fjármagns.

Að öðru leyti fer úthlutun stofnframlaga eftir mati á þörf fyrir íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæði og fyrir viðkomandi félagshópa.

Mikilvægt er fyrir umsækjendur og sveitarfélög þar sem sótt er um stofnframlög að hafa eftirfarandi þætti í huga vegna umsókna um stofnframlög:

- Skila þarf inn staðfestingu um veitingu stofnframlags af hálfu þess

sveitarfélags þar sem almennar íbúðir verða staðsettar.

- Með ofangreindri staðfestingu þarf að fylgja staðfesting á fjárhæð og formi stofnframlags sveitarfélags, sjá [hér](#).

**Hér má nálgast auglýsingu varðandi umsóknir um stofnframlög**

---

[Skoða þennan tölvupóst í vafra](#)

Viltu breyta skráningu þinni?

Þú getur [uppfært þínar stillingar hér](#) eða [afskráð þig frá þessum póstlista hér](#).